

Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 22. mars. 2022

**Efni: Umsögn LEB um þingsályktunartillögu; Aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks 2022 – 2025, 415. mál / 152**

Nú eru þau sem stóðu í réttindabaráttu hinsegin fólks á áttunda áratug síðustu aldar við stofnun Samtakanna 78 að fylla flokk eldri borgara landsins.

Þetta fólk varð margt fyrir margskonar mismunun við það að opinbera sig fyrir þjóðfélaginu í lok áttunda áratugarins og fram eftir öldinni og jafnvel fram á okkar dag við að berjast fyrir sjálfsögðum mannréttindum. Það varð útsett fyrir hatursorðræðu, andlegu-, líkamlegu- og fjárhagslegu ofbeldi eingöngu vegna kynhneigðar sinnar. Það voru þær fórnir sem þessi þjóðfélagshópur varð að færa fyrir því að standa með sjálfum sér, fyrir að standa í mannréttindabaráttu sem bar að lokum margvíslegan árangur svo að þjóðfélagið hefur orðið þónokkuð víðsýnna fyrir tilstilli þeirra. En slíkri mannréttindabaráttu lýkur aldrei, það sýna sorglega mörg dæmi sögunnar.

Sem slík eiga þau á hættu að þurfa á ný, þegar þau fylla hóp eldri borgara, að hverfa í felur eða eiga á hættu að upplifa á ný margs konar mismunun og óréttlæti. Þeirra hlutskipti getur auðveldlega orðið að fela tilfinningar sínar og hver þau eru í raun, þegar þau þurfa að leita á náðir velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga. Þar sem þau þurfa að opna heimili sín, hvort sem heimili þeirra er í þeirra eigin eigu eða er á stofnunum, fyrir ókunnugu fólki sem hefur verið falið að þjónusta þau vegna minnkandi færni í daglegum störfum og eða vegna hrakandi andlegrar heilsu. Sum hver eru þannig á „valdi“ einstaklinga sem þau hafa ekki endilega valið að umgangast reglulega, en verða háð þeim vegna þeirrar þjónustu sem þau verða að þiggja vegna aðstæðna sinna. Mörg þeirra gætu kosið í ljósi þessa að hafna þjónustu og félagsskap annarra og orðið útsett þ.a.l. fyrir einangrun og einmanaleika.

Því er mikilvægt að verja stöðu þessa viðkvæma hóps: Hinsegin eldra fólk.

Í 13. gr. Aðgerðaráætlunar í málefnum hinsegin fólks 2022 -2025 er ekki vikið einu orði að þessum viðkvæma og sístækkandi hópi. En málefni hans mætti fella undir þá grein eða jafnvel gera að sérstökum lið í aðgerðaráætluninni. Því það er afar mikilvægt að almenn fræðsla og þekking verði hjá þeim sem eiga að þjónusta hinsegin eldra fólk í viðkvæmri stöðu.

LEB telur það algjört grundvallaratriði að í þeirri aðgerðaráætlun sem nú liggur fyrir verði þessi hópur, hinsegin eldra fólk, sérstaklega skilgreindur sem hópur í afar viðkvæmri stöðu og gerð verði áætlun til að bregðast við henni.

f.h. LEB



Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB